

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, Hvammur í Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. janúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í breyttri landnotkun í landi Hvamms:

1. Um 12 ha landbúnaðarsvæði, vestan við þéttbýlið á Laugalandi, breytist í íbúðarsvæði fyrir 9 lóðir.
2. Um 40 ha landbúnaðarsvæði, norðan við Krosshól, breytist í frístundabyggðarsvæði fyrir 41 lóð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 16. janúar 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.